

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um starfsemi Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.

Frá Birgi Þórarinssyni.

- Hver voru fjárframlög ríkisins til Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands sl. fimm ár?
- Hverjar voru árlegar sértekjur Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands sl. fimm ár og hvaðan komu þær?
- Hversu hátt var árlegt hlutfall sértekna stofnunarinnar sl. fimm ár af heildarrekstrar-kostnaði?
- Hversu margir eru á biðlistum eftir þjónustu frá stofnuninni?
- Hversu lengi þurfa þeir sem eru á biðlistum að bíða að meðaltali?
- Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa til að stofnuninni verði gert kleift að vinna á löngum biðlistum eftir þjónustu fyrir heyrnarskert fólk um land allt?
- Hefur ráðherra í hyggju að leggja til breytingar á lögum og reglum um stofnunina og opinbera heyrnarþjónustu til að vinna á löngum biðlistum? Ef svo er, hvernig?

Skriflegt svar óskast.